

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1120/2007, um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi.

#### 1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Bolur björgunarbáta úr hörðum efnum, s.s. tré, stáli, áli eða trefjaplasi, skal smíðaður skv. reglum um smíði vinnubáta af sömu stærð.

#### 2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Fríborð og stöðugleiki björgunarbáta skal uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.  
Þegar björgunarbátur allt að 8 m að lengd er hlaðinn helmingi af heildarfjölda þeirra manna sem bátinum er ætlað að bera, sitjandi á þeim stöðum sem þeim eru ætlaðir annars vegar miðlínu, skal fríborð þeim megin mælt frá vatnslínu að efri brún þilfars, flothylkja eða slangna vera minnst 1,5% af mestu lengd, þó aldrei minna en 100 mm.

#### 3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 4. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Vélbúnaður og tengd kerfi björgunarbáta skulu uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð. Þó er heimilt að nota utanborðsbensínvél.

#### 5. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Austur- og slökkvibúnaður björgunarbáta skulu uppfylla kröfur í reglum um smíði vinnubáta af sömu stærð.

#### 6. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Rafbúnaður björgunarbáta skal uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.

#### 7. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Legufæri björgunarbáta skulu uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 24. gr. skipalaga, nr. 66/2021, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 30. maí 2023.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*